"The Viking Heart"

(Framhald frá 3. síðu)

að unglingsstúlka frá Nýja Íslandi kenni hérlendum manni svik og fjárdrátt, eða það sem hér er kallað "fraud". Það er Ninna látið kenna kanadiskum lækni. Mín skoðun er sú, að Íslendingar hafi fremur lært þess konar listir hér í landi, en að þeir hafi kent þær öðrum. Að minsta kosti er það ekki til að lyfta upp Íslendingum í áliti hérlendra manna, að draga fram í dagsljósið slíka stúlku, þótt hún annars kynni að vera til vor á meðal, sem eg stórkostlega efast um.

4. Finna heitir ein söguhetjan, (Mrs. Johnson). Hún er ágæt kona að mannkostum; ein þessara íslenzku kvenna, sem öllum vill gott gera, er reiðubúin til þess að brjóta sig í mola, fórna sjálfri sér fyrir aðra. Henni er prýðisvel lýst, auðséð að höf. hefir kynst slíkri konu og veitt henni nána eftirekt.

En Finna er svo sauðheimsk, að henni er tæpast mögulegt að mæla óskakka setningu. Þetta getur verið gott og blessað að vissu leyti. Vit og mannkostir eiga ekki æfinlega samleið og höf. hefir dregið upp eðlilega mynd af Finnu. En það er afnað, sem mér finst óviðkunnanlegt, jafnvel ómögulegt. Finna getur ekki verið **leiðtogi** í félagsskap Vestur-Íslendinga, eins nau heimsk kona og hún er. Þeir bjálfar eru Vestur-Íslendingar ekki, þótt félagsskap þeirra kunni að vera ábotavant. Það er stórkostlega lítillækkandi fyrir oss að lýsa þannig leiðandi persónum vor á meðal. Þá er eist, sem eg verð að minnast á. Piltur og stúlka eru að því komin að gifta sig. Fólk er að tala um hversvegna þau dragi það svona lengi. Er þá íslenzk kona látin segja, að hún sé svo heimtufrek hún Borga (brúðarefnið); hún vilji ekki byrja búskap nema hafa alt sem fullkomnast; hún vilji hafa eldavél, rúmdún (mattresu) og ketil og alt eftir því. Þetta virðist mér afarniðrandi fyrir Íslendinga, það verður ekki á annan hátt skilið af hérlendum mönnum en þannig, að flestir Íslendingar byrji þannig búskap, að þeir eigi hvorki eldavél, rúmdún né ketil.

6. Loki heitir maður í sögunni, er hann látinn ganga svo langt í þrælmensku við konu sína, að örfá munu þess dæmi vor á meðal, ef nokkur eru. Og síst er það til þess að hefja Íslendinga í áliti, að draga upp slíka mynd af íslenzkum bónda fyrir augu hérlendra manna.

7. Mrs. Félsted er kona Loka. Er hún látin vera brjáluð vegna þess, hve maður hennar misþyrmir henni andlega og líkamlega. Hún er utan við sig í fimm ár og allan þann tíma eru Íslendingar svo miklir heyglar, að þeir láta heimilið hjálpar- og afskiftalaust. Ef slík ómennska, hefir nokkru sinni eða nokkurstaðar átt sér stað vor á meðal, þá er hún áreiðanlega fágæt, og síst er það til þess að hefja álit vort í augum hérlendra manna, að draga þau dæmi fram á sjónarsviðið í sögu, sem rituð er oss til hefðarauka.

8. Eg gat þess, að ein söguhetjan héti Loki. Það nafn getur tæplega átt sér stað. Loki er í goðafræði Norðurlanda persónugervi hins illa, eins og Satan er í trúarfræði vorra daga, og er tæplega hugsandi að nokkrir foreldrar veldu börnum sínum það nafn. Þó tekur út yfir, þegar sonur Loka er látinn heita Balder (Baldur). Allir vita, að Baldur (hinn hvíti ás) var persónugervi hins góða hjá forfeðrum vorum, eins og Kristur (hvíti Kristur) í trúarbrögðum kristinna manna. Baldur Lokason er jafn óviðkunnanlegt og Kristur Satansson.

9. Höfundur birtir nokkur orð í bókinni á íslenzku máli, og eru þau svo, að segja öll rangt stafsett t. d. "Up ivir fjandlin hau", fyrir "Upp yfir fjöllin hau". Kvad er svo glatt. Hvað er svo glatt". "Kleiner", fyrir Kleinur, o.fl. Sönnu leiðis eru mannanöfnin mörg röng, t. d. "Balder" fyrir Baldur. "Haldóra" fyrir "Haldóra" Hallgrímur Peterson", fyrir "Hallgrímur Pétursson".

10. Þá er það lá'ið lítt svo út, að íslenzkar konur kunni ekki að búa til íslenzkan mat, nema því aðeins, að þær hafi verið hér í vist. Er það stórkostleg niðurlæging íslenzkum konum. Má vel vera, að ekki sé til þess ætlast, að þetta sé þannig skilið, en eins og það er framsett, mun það verða flestra skilningur.

11. Höfundur skiftir bókinni í marga stutta kafla, og velur einkunnarorð hverjum kafla fyrir sig. Hefir hún þar tínt upp mörg frægustu skáld heimsins, en tekur þar á meðal þrjú einkunnarorðin eftir sjálfa sig; þetta er óvenjulegt og óviðkunnanlegt; fer betur á því að láta aðra taka orð sín til fyrirmyndar en gera það sjálfur.

Eins og tekið hefir verið fram af öðrum, er þetta fyrsta bókin, sem skrifuð hefir verið á hérlendu máli, þar sem efnið er beinlínis tekið úr íslenzku lífi hér í landi, er ekki ólíklegt að í þeirri miklu og auðugu námu verði fleiri til þess, að leita gulls og gimsteina. Undir því er komið, hversu veglegt sæti minningu Íslendinga verður úthlutað hér í landi, þegar öll þjóðarbrotin eru runnin saman í eina heild mála myndirnar í sögu og ljóði.

Af þessum ástæðum er það meira vandaverk, að semja bók á þeim grundvelli en að rita sögu, sem tekin er út úr mannlífinu almennt, án tillits til nokkurar sérstakrar þjóðar. Vér verðum að kreðjast þess af rithöfundum vorum að þeir fremur hækki Íslendinga með skrifum sínum en lækki þá.

Sá, sem skrifar skáldsögu (Novels) án tillits til sérstakra sögulegra viðburða, er eins og skapari sjálfur, að því leyti, að hann hefi takmarkarlausan geim til flugs og ferða, og honum er enginn bás markaður með kosti né bresti söguhetjanna, hann getur skapað þær eins og honum sjálfum sýnist.

Þessu er ekki þannig varið með sögulegar bækur; þar verður alt að vera trútt og sanngjarnt og til þess þarf mikinn lestur, djúpar rannsóknir, víðtæka þekkingu, langan tíma, óþreytandi elju og óskeikula nákvæmni.

Hér skal staðar numið, má vera að ekki verði mér margir samdóma, en það skiftir engu. Vegna þess, að mér er ant um heiður Íslendinga, vegna þess, að eg vildi sjá íslenzku skáldkonuna vanda sig betur næst, hefi eg skrifað þess ar línur.

Þess vildi eg einnig geta, að bókin er mikils til of löng, of ordmörg frá mínu sjónarmiði, en hún hefir margt til síns ágætis, þar kennir margra góðra grasa, þótt þeir gallar séu á, sem eg hefi talið, og það er ekkert efamál, að höf. getur átt góða framtíð fyrir höndum, sem söguskáld, ef hún vandar sig betur.

Aðalkostir bókarinnar eru í lýsingum á sálarlífi vissra manna og kvenna, og þar jafnast höfundurinn sumstaðar á við þá, sem beztar sögur hafa ritað. Til dæmis þegar Borga er að kveðja foreldra sína, er tilfinningum þeirra allra þriggja lýst einstaklega vel og ljóst. Lesandinn getur þar í huga sér horft á litla umkomulausa stúlku, þegar hún verður að fara frá öllum, sem hún þekkir til alókunnugs fólks í alókunnu landi, mállaus og fákunnandi; þar sem sorgin og einstæðingsskapurin berjast í sál hennar við vonina um bjartari framtíð og betri líðan.

Þar má sjá í huga sér móðirina bæla sorgir sínar og sársauka undir fargi íslenzks þreks og sillingar. Er það auðsætt, að höfundur hefir þar sett sig í spor sögufólksins, liðið með því og lifað lífi þess, þegar hún var að skrifa þessa lýsingu.

Elízabet er trú og sönn mynd af íslenzkri stúlku, eins og þær eru margar, tilfinningaríkar í mesta máta en gætir allra sinna tilfinninga inna takmarka fullkominnar staðfestu, siðprýði og hreinleika. Þar hefir höf. náð fökum á sálarlífi íslezku kvenþjóðarinnar yfirleitt.

Séra Bjarna er prýðilega vel lýst, sérstaklega tekst höfundi upp þar, sem birt er samtal prestsins við Baldur litla, þar er sagt frá blátt áfram, eðlilega og tilgerðarlaust.

Eg vona, að höf. eigi eftir að rita margar sögur — vefa margar fagrar voðir úr hinu mikla og góða efni, sem frumbyggjalíf Íslendinga hefir að bjóða.

Sig. Júl. Jóhannesson.

x

Til Athugunar.

Smávinir fagrir, foldar skart,
finn þeg yður öll í haganum enn!
Veitt hefur Vróni mikið og mart
miskunnar faðir; en blindir menn
meta það aldrei eins og ber,
unna því litt sem fagurt er,
telja sér litinn yndisarð
að annast blómgaðan jurtagarð.

J H.

Tæplega mun nokkursstaðar meiri þörf á fögrum og aðlaðandi heimilum en hér á sléttunum í Vestur-Canada. Landslagið er svo einhliða og áhrifalítið, að þrátt fyrir alt brauðið — alla kornakrana, skilur umhverfið eftir hjá manni einskonar "hungry feeling" og sannast hér hið fornkveðna: "að ekki lifir maðurinn af einu saman brauði". Það er þó ekki svo að skilja, að hér í sléttufylkjunum sé ekki um neina náttúrufegurð að ræða. Síður en svo. Náttúrufegurð er vitanlega alstaðar að finna, að m. k. þar, sem grænt gras grær. Hinsvegar munu flestir geta fallist á, að landslagsfegurð sé hér af mjög skornum skamti. — Endalausar öldumyndaðar hæðir, með smá trjálundum hér og þar, svo langt sem augað eygir. Engin tilbreytiag, að heitið geti, á mörg hundruð mílna svæðum. En það er einmitt tilbreyting sem mannlegur andi þarfnast. Tilbreytingarnar vekja og skapa hugsunina, séu þær í hófi, og stemma stigu fyrir andlegri kyrstöðu. Þetta sannar sagan betur en alt annað, því þegar við lítum til uppruna hinna fyrstu menningarþjóða, þá sjáum við, að þær eru undantekningarlaust til ordnar við breytilegt landslag í fjallendi eða fögrum dölum, meðfram ám og vötnum. Má t. d. benda á Persa, Egypta og Inkana í Peru o. s. frv.

Bezta ráðið til þess, að gera lífið tilbreytilegra og ánægjulegra hér á sléttunum; svo ánægjulegt, að fólkið geti felt sig við að lifa þar og deyja, er að dæmi margra góðra manna aukin garðrækt (horti culture), og trjáplöntun.

Ef mér ekki skjátlast, eru landar hér í landi allmjög á eftir; hvað snertir garðyrkju og trjáplöntun kringum hús og heimili. Mjög er þetta þó mismunandi í hinum ýmsu bygðarlögum Íslendinga er eg hefi haft kynni af, og hafa einstaka menn hér og þar gert skyldu sína í þessu efni, svo sem t. d. J. Sigfússon, Lundar, Man., er hefir að sögn hinn prýðilegasta skrúðgarð, og nokkur ávaxtartré, er gefast vel, sem ekki er að undra, ef lag er með. Þá hafa þeir H. og Ó. Stefánsson í Argyle plantað trjám um hús og heimili, sem nú eru bæði orðin til gagns og gleði. Ennfremur ber Steingrími Jónssyni við Kandahar, Sask., heiður fyrir vel hepnaða trjá og blómarækt.

Í Winnipeg standa Íslendingar bezt að vígi, hvað snertir skrúðgarða, þar sem fyrirmyndirnar mega heita þar á hverju strái. En svo er að sjá, sem ást og kunnátta skózkra og enskra yfirleitt í blómarækt, hafi lítil áhrif. Veit eg þó ekki, því eigi má apa þetta upp eins og alt annað. Fallegasti íslenzki garðurinn í Wpeg, sem eg hefi séð, er garður frú F. Swanson. Gæti maður næstum hugsað, að í hús þeirra hjóna byggju Skotar.

Með því að plánta trjám við hús og heimili, og hélzt í kringum akra og meðfram vegum, eins og tíðkast í Evrópu, frikkaði svipur landsins mjög mikið, auk þess sem lingarðar, tryggja og auka uppskeruna bein líns. Er til trjáplöntunnar kemur, mun hverjum einum næst að byrja með **shelter belts!** í kringum bygingar sínar er best að planta þau af mösur (**Maple**), aski (**Ash**) og (**Caragana**), eða þá sígrænu (**evergreens**), sem að mörgu leyti er betra. Selju (**Willow**) tegundir geta og verið heppilegar, þar sem raklent er. Annars gefur Mr. N. M. Ross superintendent við The Dominion Forest Nursery Station í Indian Head, Sask., beztar upplýsingar í þessu efni. Ennfremur sendir áminst stöð í I. H. hverjum einum (in rural districts) ókeypis nokkrar tegundir hinna algengari trjáplantna, eftir pöntunum.

Blóm eða skrúðgarðar, ættu eink) um og sér í lagi að vera við hvert einasta **prairie** heimili. Það veitir ekki eingöngu yndi og arð, að fást við blómarækt, heldur hefir hún líka þætandi og göfgandi áhrif á þá, sem gefa sig við henni, og gerir meir en nokkuð annað, til þess að gefa þeim, sem hana stundar reglulegt "**home sweet home**". Blóm þau og blómrunnar, sem sjálfsagt er að hafa í hverjum garði, er t. d. "**lilac**", "**honey suckle**", "**iris**", "**peaony**", "**aquilegias**", "**poppies**" og **pansies**". Ennfremur ættu **gladiolus, sweet peas** og **blue-bells** að vera í hverjum skrúðgarði. Anars fer það eftir smekk hvers eins, hvaða blóm hann velur sér. Hinsvegar vildi eg benda þeim, sem áhuga hafa fyrir garðrækt og þesháttar efnum, að nota sér ókeypis bækur og "bulletins", sem á boðstólum eru í Ottawa. Er ekki annað en skrifa eftir lista (List of Publications til The Publications Branch, Dept of Agriculture Ottawa, og úr þessum lista geta menn svo valið þá bæklinga er hver og einn hvggur sei gæti komið að notum að lesa.

Að endingu hefi eg svo ekkert betra að bjóða, en þessar hendingar T. E. Brown's: —

A garden is a lovesome thing, God wot!
Rosespot,
Fringed pool
Fern'd grot —
The veriest school
Of peace, and yet the fool
Contends that God is not —
Not God! In gardens! When the eve is cool?
Nay, but I have a sign;
Its very sure God walks in mine

"Silvanus".

ABYGGILEG
LJÓS OG AFLGJAFI

VER ÁBYRGJUMST YÐUR VARANLEGA OG ÓSLITNA
ÞJONUSTU

Vér æskjum virðingarfylst viðskifta, jafnt fyrir VERKSMIÐJUR sem HEIMILI. Tals. N 4670 CONTRACT DEPT. Umboðsmaður vor er reiðubúinn að finna yður að máli

Winnipeg Electric Railway Co.
A. W. McLimont, Gen'l Manager

KOL! - KOL!

HREINASTA og BESTA TEGUND KOLA.
bæði til HEIMANOTKUNAR og fyrir STÓRHÝSI.
Allur flutningur með BIFREIÐ.

Empire Coal Co. Limited
Sími: N 6357—6358. 603 Electric Ry. Bldg.

Nýjar vörubirgðir
Timbur, Fjalviður af öllum tegundum, geirettur og allskonar aðrir strikaðir tiglar, hurðir og gluggar.
Komið og sjáið vörur. Vér erum ætíð fúsir að sýna, þó ekkert sé keypt.

The Empire Sash & Door Co.
Limited
HENRY AVE EAST WINNIPEG

Why **Ford Predominates**

Do You Know That—

the Ford crankshaft is machined accurately to one thousandth part of an inch—

the Ford front axle is made to withstand shocks and strains ten times greater than are ever met in ordinary usage—

the Ford car is composed of four complete units: Power Plant—Front Running Gear—Rear Running Gear—Frame—

only five movements of hand and feet are required to accomplish the shift from neutral to high on a Ford car as against 15 on a selective gear shift car—

there is no possibility of failure to accomplish gear shift in the Ford car. There is no chance of clashing gears in the Ford transmission—

15,000 operations are performed in the building of each Ford chassis—

the entire building of a Ford closed body requires 38 hours and 15 minutes during which time the body passes through the hands of 249 skilled body-builders, trimmers and finishers.

See Any Authorized Ford Dealer

Ford
CARS · TRUCKS · TRACTORS
CF-12C